

Föstudaginn 13. júlí 1984.

Nr. 87/1981. **Eigendur og ábúendur Fossjarða á Síðu
og eigendur Sléttabóls I og II**

(Jóhann H. Nielsson hrl.)

gegn

**eigendum Hörgslandsþorpsjarða
og gagnsök**

(Jón St. Gunnlaugsson hrl.)

Landamerkjamála.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðiljar eru allir nafngreindir í héraðsdómi, en þar hefur orðið sú ritvilla, að Guðleif Helgadóttir, Fossi I, er nefnd öðru nafni. Þá kom fram, þegar málið var flutt hér fyrir dómi, að ábúandi í Múlakoti er Baldur Þ. Bjarnason einn.

Aðaláfrýjendur skutu héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. apríl 1981. Kröfur þeirra eru þannig:

Eigendur og ábúendur Fossjarða á Síðu krefjast þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. *Til vara* krefjast þeir þess, að viðurkennt verði, að landamerki milli Fossjarða annars vegar og Hörgslandsþorpsjarða hins vegar skuli vera eftir beinni línu, sem dregin er samkvæmt uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings frá punkti A (Blákambi) um punkt B (Merki-skur) til punkts C, þaðan eftir boglínu um Fossála miðja og síðan um Skaftá miðja að punkti D og síðan bein lína í stefnu A B C frá punkti D að punkti E við rekamál. *Til þrautavara* krefjast þeir, að viðurkennt verði, að landamerkin skuli vera eftir beinni línu, sem sé dregin samkvæmt sama uppdrætti frá punkti A um punkta B C D til punkts E.

Þá krefjast eigendur og ábúendur Fossjarða þess, að eigendur Hörgslandsþorpsjarða verði dæmdir in solidum til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eigendur Sléttabóls I og Sléttabóls II gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, en *til vara*, að viðurkennt verði, að landamerki Sléttabóls I og II, eins og þau eru ákveðin í landamerkjabréfi Sléttabóls 21. maí 1890 á milli Foss og Sléttabóls, séu lögleg landamerki milli þessara jarða, eins og þau eru dregin á uppdrætti Skúla Jóhannssonar sem landamerkjálina X-Z. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda in solidum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en eigendur Sléttabóls I og II fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 31. ágúst 1982.

Gagnáfrýjendur skutu héraðsdómi til Hæstaréttar 28. apríl 1981. Þeir gera þær dómkröfur *aðallega*, að staðfest verði, að landamerki jarða gagnáfrýjenda að austanverðu frá fjalli til fjöru séu þessi: „Úr kambinum vestanvert við Merkilæk bein lína eftir garðinum, sem þar er fyrir neðan, í vörðu á Merkiskeri, sem er niðri í sandinum. Úr þessum punkti bein lína í vörðu, sem hlaðin er upp norðan við Foss- og Hörgslandsmela og þaðan bein lína að rekamáli í fjöurmörk milli Foss- og Hörgslandsfjara.“ Til vara gera þeir þá dómkröfu, að niðurstaða landamerkjadómsins um landamerkin verði staðfest. Í báðum tilvikum er þess krafist, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfulinur þessar eru báðar færðar inná uppdrátt Skúla Jóhannssonar, sem til er vísað í sambandi við kröfugerð aðaláfrýjanda.

Aðaláfrýjendur styðja ómerkingar- og heimvísunarkröfu sína fyrir Hæstarétti þeim rökum, 1) að sátta hafi ekki verið leitað í málinu, hvorki um ágreining eigenda og ábúenda Fossjarða og Hörgslandsþorpsjarða né í meðalgöngumálinu. 2) Þá er því haldið fram, að til þess að ákveða, hvort eigendur Sléttabóls I og II ættu aðild að málinu, hafi dóminum borið að ákveða vesturmörk Sléttabólsjarðanna. Séu austurmörk Hörgslandsþorpsjarðanna samkvæmt héraðsdómi rétt, hefði hann átt að binda Sléttabólsjarðirnar, eftir að dómlínan sker línu X-Z. Liggi landamerkjálina Fossjarða og Sléttabólsjarða austan kröfulínu Hörgslandsþorpsjarða, eins og héraðsdómur geri ráð fyrir, þá hefði átt að vísa þætti Sléttabóls frá dómi, þar sem skilyrði meðalgöngu hefði þá brostið. 3) Þá er

ómerkingarkrafa á því byggð, að heimaland jarðarinnar Foss II, sem liggur að kröfulínu gagnáfrýjenda á svæðinu milli Blákambs og Merkiskers, sé ekki í sameign með öðrum eigendum Fossjarða og hefði því vegna aðildar að málinu þurft að upplýsa um mörk heimalandsins.

Að öðru leyti eru kröfur málsaðilja rökstuddar með sama hætti og fyrir héraðsdómi.

Verður þá fyrst fjallað um ómerkingarkröfu aðaláfrýjenda. Í landamerkjadómi Vestur-Skaftafellssýslu hinn 22. ágúst 1980 er svofelld bókun gerð varðandi þetta atriði: „Dómurinn ræddi nú við lögmennt aðila um möguleika á sáttum.“ Í þinghaldi næsta dag er bókað: „Lögmenn aðila lýsa yfir að sáttaumleitarnir hafi farið fram og haldi áfram utan réttar.“ Ljóst má telja af bókunum þessum, sem báðar eru gerðar eftir að Sléttaból kom inn í málið, að unnið hefur verið að sáttatilraunum í dóminum undir meðferð málsins, þó að bókun um þær hafi ekki verið með þeim hætti sem algengast er. Verður ómerking því eigi byggð á því, að sátta hafi ekki verið leitað í málinu.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var landi Sléttabólsjarðanna skipt úr landi Fossjarða. Gat það ekki haft áhrif á mörk Hörgslandsþorpsjarða. Eigendur Sléttabóls I og II gengu inn í mál þetta í héraði sem meðalgöngumenn. Höfðu þeir uppi kröfur á hendur gagnáfrýjendum eingöngu, enda telja þeir sig eiga land, sem gagnáfrýjendur gera kröfu til. Dómur í málinu bindur alla aðaláfrýjendur að því er varðar landamerki Hörgslandsþorpsjarða. Verður héraðsdómur því ekki ómerktur vegna þess, að málatilbúnaði eða úrlausn dómkrafna meðalgöngustefnenda í héraði hafi verið áfátt.

Í máli þessu hefur ekki verið deilt um markalínu úr Blákambi að Merkiskeri, og er því ekki um neinn ágreining að ræða við eiganda og ábúanda Foss II um mörk séreignarlands þeirrar jarðar. Verður héraðsdómur því ekki ómerktur af þeim sökum.

Samkvæmt framansögðu verður krafa aðaláfrýjenda um ómerkingu héraðsdóms ekki tekin til greina.

Ekki er efnislegur ágreiningur með aðiljum um merki milli jarða þeirra frá Blákambi að Merkiskeri, þótt dómkröfur þeirra um þann hluta landamerkjanna séu orðaðar með mismunandi hætti. Verða landamerkin að þessu leyti ákveðin sem bein lína úr punkti A (Blá-

kambi) á uppdrætti Skúla Jóhannssonar að punkti B (Merkiskeri).

Að öðru leyti þykir mega staðfesta héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjendanna eigenda Sléttabóls I og II greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, 20.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjendur, eigendur Hörgslandsþorpsjarða, skulu vera sýknir af kröfum aðaláfrýjendanna eigenda Sléttabóls I og Sléttabóls II.

Landamerki Hörgslandsþorpsjarða og Fossjarða skulu ráðast af beinni línu frá Blákambi, punkti A á uppdrætti Skúla Jóhannssonar í héraðsdómsskjali nr. 95, til Merkiskers, punkts B, en þaðan verði merki eins og greinir í héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður eigenda Sléttabóls I og II fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Jóhanns H. Níelssonar hæstaréttarlögmans, 20.000.00 krónur.

Landamerkjadómur Vestur-Skaftafellssýslu 27. febrúar 1981.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 6. þ.m.

Aðdragandi máls þessa er sá, að eigendur og ábúendur svonefndra Hörgslandsjarða í Vestur-Skaftafellssýslu, en þær eru Hörgsland I, Hörgsland II, Hörgslandskot og Múlakot, rituðu sýslumanni bréf hinn 10. maí 1978 og fóru þess á leit, að tekinn yrði til úrlausnar ágreiningur, sem uppi væri um landamerki jarðanna gagnvart svonefndum Fossjörðum. Ef ekki tækjust sættir í málinu yrði það tekið fyrir í landamerkjadómi til endanlegs úrskurðar. Var í bréfinu vísað til úrskurðar Lýðs Guðmundssonar, sýslumanns frá 29. maí 1804, en þar væru landamerkin tilgreind sem bein lína úr Merkilæk að ofan og til fjörumarka Foss- og Hörgslandsjarða að sunnan. Til vara væri hægt að fallast á, að merkin yrðu bein lína úr klettakambi, sem oft væri nefndur Blákambur eða Blátindur, vestan við Merkilæk, suður

um Merkisker til vörðu norðan við Hörgslandsmela vestur af Sléttabóli og síðan bein lína frá þeim stað að fyrrgreindum fjörumörkum Foss- og Hörgslandsjarða.

Sýslumaðurinn kynnti eigendum og ábúendum svonefndra Fossjarða, en þær eru, Foss I, Foss II, Foss III, Fagrifoss, Hamrafoss og Stuðlafoss, framangreint erindi. Í svari þeirra, dags. 31. desember 1978, kemur fram sú skoðun, að ekki þurfi að vera ágreiningur um merki milli jarðanna, af því að gerð hafi verið sátt um landamerkin 23. september 1808, en úrskurðurinn frá 29. maí 1804 hafi verið torskilinn. Sáttin sé gildandi heimild um landamerki milli jarðanna. Samkvæmt henni fylgi landamerkin beinni línu, sem hefjist í Blátindi eða Blákambi fyrir vestan fossinn, er renni úr Merki-dal í Merkisker, sem standi á sandinum, og þaðan bein lína til sjávar. Fyrir hendi séu yfirlýsingar allra aðilja Foss- og Hörgslandsjarða frá 15. desember 1921, sem séu efnislega samhljóða framangreindri merkjalýsingu. Í svari fyrrsvarsmanna Fossjarða kemur einnig fram, að þeir hafi með bréfi, dags. 20. mars 1970, farið fram á, að fyrrsvarsmenn Hörgslandsjarða tækju þátt í kostnaði við að koma upp fjárheldri girðingu á landamerkjalinunni úr Merkigardi í markvörðuna á Merkiskeri og þaðan í landamerkjalinuna í markvörðunni á Svæðunum. Þá kom og fram í svarinu, að nýting veiði í Mávabótarmálum og Veiðiósi hefði verið í algjöru samræmi við framangreindan skilning þeirra á legu landamerkja jarðanna. Var það krafa fyrrsvarsmanna Fossjarða, ef ekki tækjust sættir í málinu, fengju þeir fullan rétt yfir öllu landi austan Fossála, enda hefði það landsvæði eingöngu verið nytjað frá Fossjörðum um 60 ára skeið og væri það því orðið eign Fossjarða fyrir hefð.

Sættir tókust ekki í ágreiningsmálinu, og hefur það verið rekið fyrir landamerkjadómi. Var það þingfest 26. júní 1979.

Sóknaraðiljar málsins eru:

Páll Ragnarsson, Hörgslandi I, eigandi og ábúandi jarðarinnar,
Jakob Bjarnason, Hörgslandi II, eigandi og ábúandi jarðarinnar,
Steingrímur Lárusson og Sigurður Lárusson, Hörgslandskoti, sem búa á jörðinni og eru eigendur hennar ásamt Magnúsi Lárussyni, Stapasíðu 3, Akureyri,

Helgi Þorláksson, Akurgerði 64, Reykjavík, sem er eigandi Múlakots ásamt Sigurveigu Kristófersdóttur, Múlakoti, Helgu M. Bjarnadóttur, Lynghaga 12, Reykjavík, Guðrúnu Lilju Bjarnadóttur, Múlakoti, Gunnlaugi Kristófer Bjarnasyni, Múlakoti og Baldri Þorláki Bjarnasyni, Múlakoti, en tveir síðastgreindu aðiljarnir búa á jörðinni.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að staðfest verði með dómi, að landa-

merkin milli jarða þeirra og Fossjarða að austan frá fjalli til fjöru séu þessi: Úr kambinum vestanvert við Merkilæk bein lína eftir garðinum, sem þar er fyrir neðan, í vörðu á Merkiskeri, sem er niðri á sandinum. Úr þessum punkti bein lína í vörðu, sem hlaðin er upp norðan við Foss- og Hörgslands-mela, og þaðan bein lína í fjörumörk jarðanna að rekamáli. Þá er þess og krafist, að varnaraðiljar verði dæmdir til að greiða sóknaraðiljum málskostnað óskipt.

Varnaraðiljar málsins, eigendur og ábúendur svonefndra Fossjarða, eru þessir:

Björn Helgason og Guðlaug Helgadóttir, eigendur Foss I,
 Kristófer Bjarnason, eigandi og ábúandi Foss II,
 Margrét Helgadóttir, eigandi Foss III, og Páll Helgason, ábúandi jarðarinnar,
 Jón Eiríksson, eigandi Fagrafoss, og Sigurður Jónsson, ábúandi jarðarinnar,
 Bergur Eiríksson, eigandi Hamrafoss, lést meðan á rekstri máls þessa stóð, og kemur dánarbú hans í stað hans, en ábúandi jarðarinnar er Guðjón Bergsson,
 Helgi Eiríksson, eigandi Studlafoss og Björn Helgason, ábúandi jarðarinnar.

Af hálfu varnaraðilja eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að viðurkennt verði, að landamerki milli Fossjarða annars vegar og Hörgslandsþorpsjarða hins vegar skuli vera eftir beinni línu, sem dregin er samkvæmt uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings, frá punkti A, Blákambi, um punkt B, Merkisker og til punkts C, þaðan eftir boglínu um Skaftá miðja að punkti D og síðan bein lína í stefnu A B C frá punkti D að punkti E við rekamál. — Til vara er þess krafist, að viðurkennt verði, að landamerkin skuli vera eftir beinni línu, sem dregin sé samkvæmt sama uppdrætti frá punkti A um punkta B C D til punkts E.

Þá krefjast varnaraðiljar þess, að sóknaraðiljar verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað in solidum.

Eigendur jarðanna Sléttabóls I, Siggeir Geirsson og Sólveig Geirsdóttir, og Sléttabóls II, Friðrik Bjarnason, hafa gerst meðalgönguaðiljar í málinu.

Gera þau þær dómkröfur í málinu, að dómkröfum sóknaraðilja verði hrundið og viðurkennt verði með dómi í máli þessu, að landamerki Sléttabóls I og Sléttabóls II, eins og þau eru ákveðin í landamerkjabréfi Sléttabóls, dags. 21. maí 1890, á milli Foss og Sléttabóls, verði viðurkennt sem lögleg landamerki þessara jarða, eins og þau er dregin á uppdrætti Skúla

Jóhannssonar verkfræðings sem landamerkjálina X til Z. Þá krefjast þeir einnig málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að meðalgönguaðiljum verði gert að hlíta dómi samkvæmt dómkröfu sinni við hlið varnaraðilja svo og að meðalgönguaðiljum verði gert að greiða þeim óskipt málskostnað.

Að fyrirlagi aðilja hefur Skúli Jóhannsson verkfræðingur markað kröfulinur aðilja á uppdrátt af landssvæði því, er ágreiningur aðiljanna nær til.

Svo sem fram kemur í afstöðu sóknaraðilja og varnaraðilja í upphafi, telja þeir ágreiningsefni þeirra eiga rætur að rekja allt til árána 1804 og 1808. Verða nú rakin gögn, sem aðiljar hafa aflað til að varpa ljósi á sögu málsins og máli þykja skipta.

Í afriti af skjali, dags. 24. maí 1707, er svohljóðandi vitnisburður Eiríks Sigurðssonar, Árna Eiríkssonar, Sæmundar Jónssonar og Jóns Jónssonar um landamerki jarðarinnar Hörgslands, en skjalið er sagt þinglesið á Kleifabingi sama dag:

„Þad Vær underskrifader Sannast Heirt hofum Landamerke Vera Hospitals Jardarenar Horgslands á Sydu, og átolulaust brukad ad Vorre Vitund, er sem efterfilger.

Á NordurSydu HallsteinsVarda og Audulbruará, Á VesturSydu Rædur Horgsá Sudur ad Merkegarde/ Á Mille Kieltu gnups og Horgslands Skal Standast á Midmark Rett Mil(le) Skogfoss og landbrots tánga, Ad Sunnann Verdu er ad fornu Nefnd Horgslands þufa Mark Vered Hafa/ Á austur sy(du) Ad Sunnann Rædur MerkeSkier, þadann í Vodhamar, sem er Sialft fyrer Vestann Merkelæk, og So upp ur Merkedal, og Þad Rett uppefter gegn fossmarke, þar til þuerár, og Dals land Vidtekur og þad allt Nordur ad Audulbruará. Skógar itak er Sagt Horgsland eige í þuerárlande Nef(nt) Brattland, Med Vissum ummerkium/: Hraunfior(u) Ad fornu Nefnda Nu Horgslands fioru, Hefur Hospitale(d) brukad Sydann Stiftad Var, Su fiara liggur Næst firer Vestann Foss Fioru, og ad allt firrksrifad So í Sannleika Sie sem ofannskrifad er, eftir Vorre Vitund og skinseme“

Í afriti af landamerkjaskrá fyrir Foss, frá 25. nóvember 1716, segir svo:

„Landamerki allrar jarðarinnar Foss á Sidu eru þetta: Efter gömlu og nyy hallde ásamt lógfestu og því byggingar briefe sem ádur hafde bigt vered Sæmunds Jónssyni Ano 1706 þann 9da Octobris: á vestur sydu ímót Hörgslands úr merki skieri sem stendur suðurá sandinum og uppí berg klettinn, edur kambinn fyrir vestan fossinn, edur lækinn, sem rennur ofanúr Merkidal, og so nordur eftir heide eftir því sem vórðurnar á heidinne tilvísa eiga. Eirnin á sómu síðu úr áðdurnefndu merkiskere, siónhending útefter sande grasland og mela efter bréflegum samanburdi við virdulegann klausturhaldarann Þord Þorleifsson og virdulegann Hörgslands hospitalshaldara, Mnsr Pau Amundason.

En á austursíðuna mót Þverá rædur Þúfann á Orustuhól og í Þræla skier og so síónhending uppá Núpinn og nodurefter heide so sem vórdur þar á heidinni til vysa eiga, nordur úr þufunni á kvygu hvamma hól, og svo nordur fyrir Bjarnarháls; En á sömu syðu frá Orustu hól útefter sande síónhending so leinge sem til vinnst. Það er og sannferdugt að Hverfis flíóted hefur runnið í millum Orustuhóls og Núpsins og aftekid Grasland Foss; En nú er þar aftur upp að vaxa svardfest land, bladka og melur.“

Í afriti bréfs, sem Stefán Björnsson, spítalahaldari í Hörgslandi, ritaði Finni Jónssyni biskupi hinn 15. september 1755, kveður hann ábúanda Foss hafa nytjað landssvæði, sem liggja utan Merkilæks, sem talinn hafi verið merki milli jarðanna.

Hinn 23. september 1801 fóru fram vitnaleiðslur á dómþingi á Kirkjubæjarklaustri út af ágreiningi um landamerki milli Hörgslands og Foss. Beindust þær einkum að vitneskju manna um svonefnda Skjaldbreiðarmela, afnot af þeim og hvort Merkilækur væri landamerki milli jarðanna.

Hinn 23. september 1807 fór fram sáttatilraun fyrir skipuðum sáttamönnum út af ágreiningi, sem risið hafði milli eigenda Foss og ábúanda Hörgslands. Kemur fram, að eigandi Foss hafi talið ábúanda Hörgslands hafa tekið undan Fossi hluta af landi jarðarinnar, engjar og meltak og jafnvel hluta af fjöru. Bauð eigandi Foss til þess, að sættir mættu takast, að annar helmingur Skjaldbreiðarmela skyldi „um þeirra lífstíð“ tilheyra Hörgslandi, en hinn helmingurinn skyldi tilheyra Fossi. Ekki varð af sátt.

Þá fór einnig fram sáttatilraun fyrir sáttamönnum hinn 23. september 1808 um landamerki milli Foss og Hörgslands. Voru þar mættir fyrirsvarsmenn jarðanna, séra Pétur Sveinsson, Jón Jónsson, Holti, vegna Páls Guðmundssonar á Brúnum og séra Bergur Jónsson á Kirkjubæjarklaustri.

Varð svofellt samkomulag um landamerki jarðanna:

„ . . . Landamerkið milli nefndra Jarða skulu hjedanífrá, eptir þeirri í Gjær og í dag færðu eydfestu vitnaleydslu, vera úr Blákambinum eða Blátindi fyrir vestan klifid, sem er fyrir vestan þann Foss úr Merkidal, beina Stefnu sudur í Merkiskjer, sem stendur sudur á Sandinum, hvar nú í dag af vidkomendum og Rettnum var upphladið Merkivarda, hvadan aptur bein Stefna skal takast sudur í gjegnum midja Skjaldbreiðar Mela, hvaraf Vestrparturið, ásamt öllu Landi vestanmegið allt til Skaptár skal hereptir vera Hörgslands Eign; Og þarámót allur Austurhelmingur af Skjaldbreiðar Melum ásamt öllu Landi fránað Foss Landamerkjum þeimmegin, beina Stefnu til Sjáfar sovel fránað Orustuhól sem fránað Merkiskjeri, og allt þar á milli, hiedanífrá tilheyra Fossi sem vafalaust Eigiðómur; en sie nockud af Hörgslands fjöru fyrir því (skorið neðan af línu í bókinni) þarfrá undantekinn. Mörkin uppá Heiðni skulu hiedanífrá vera úr Kambinum nordureptir, eptir því sem Vordurnar á Skerjunum tilvísa, og allir hafa

hingadtil verid anægdir með, inntil Austmarkid gjörir þær ad þríhyrning. Fjörur beggja Jardaña skulu uppmælast frá vissu Marki á Hörgslands Fjöru ad vestan eptir þeim eydsvarna Vitnisburdi í dag, sem Hospitals-haldariñ añtók sãnan ad vera; eñ náist þá ecki sú aqvardada Leingd á bádum Fjörunum, þá skulu þær badar skjerdast eptir Tiltölu, eptir Lögmaña og Lögriettu Dómi af 1ta Julii 1624.“

Fram kemur, ad hinn 21. september 1815 hafi fyrirsvarsmaður Hörgslands og ábúendur Foss mætt fyrir sáttamönnum út af ágreiningi, sem risið hafði. Hafi ágreiningsefnið verið það, ad fyrirsvarsmaður Hörgslands hafi talið ábúendur Foss hafa skorið mel í landi Hörgslands á Skjaldbreiðarmelum. Hafi ábúendur Foss fallist á, ad Foss ætti aðeins hálfá Skjaldbreiðarmela og skyldu nákvæmari skipti fara fram eftir sanngirnissjónarmiðum.

Hinn 4. maí 1822 var á manntalsþingi Skaftafellssýslu þinglesin svohljóðandi landamerkjälögfesta fyrir jörðina Foss, dags. 20. apríl 1822:

„D., var upplesinn Lögfesta prestsins sra Bergs Jónssonar og Hospitals-haldara Jons Jonssonar fyrir eignar og búsjörð þeirra Fossi á Síðu með fylgjandi Landamerkjum — á vestur síðuna í móti Hörgslandi úr nú svo kölluðu Merkiskkeri, sem stendur niður á sandinum og uppí Bergklettinn eður kambinn fyrir vestan Fossin eður Lækinn sem rennur ofan úr Merki-dal og svo norður eptir Heyði eftir því sem vörðurnar á Heyðinni tilvísa eiga; einnig á sömu síðu úr áðurnefndu Merkiskkeri beinastefnu niður í gegnum miðja Skjaldbreiðar mela. — Þessi mörk eru gyldandi eptir Forlíkunar-samningi ad 23. September 1808 — Enn á austur síðuna ímóti Þverá ræður þúfann á Orustuhól og svo sionhending uppí Nupinn, eptir því sem réttar vörður á skérjunum uppá Heyðinni tilvísa eiga, norður á þúfuna á Ovígu-hvammahol og svo norður fyrir Bjarnarhals; einnig á sömu síðuna suður frá Orustuhól, sjónhending út eptir Sandi, eptir áðurgreindum Fjallmörkum á þessa síðuna allt ad Fjörumáli — sömuleiðis lögfesta þeir skógarítak jarðarinar nefnilega, skógartorfu í Eystra Fjalli undir Kálfs Klifi, sem er á þeirri næstu Torfu er við Núpsárfoss liggur, þar eð hún rennur af Fjalli ofan.“

Í landamerkjälýsingu Hörgslands í landamerkjabók Skaftafellssýslu, sem undirrituð er af Ólafi Pálssyni umboðsmanni, Bjarna Þórarinssyni, Helga Bergssyni og Sigríði Steingrímisdóttur 21. maí 1890 segir svo:

„Ad austan milli Foss og Hörgslands: Úr Upsatanga ad norðan í vörðu á Krókaskeri og þaðan í Kambinn vestanvert við hinn svonefnda Merkilæk, úr þeim Kambi í skerið niðri á sandinum, þaðan beina línu eftir áðurgreindum mörkum í stiku, sem er ofanvert við mela heimajarðarinnar Hörgslands, þaðan austur á við í aðra stiku efst í breiðu leirunni, sem aðskilur Foss- og Hörgslandsmela, þaðan enn í stiku syðst í sömu leiru, þaðan beint í suður ad rekamáli.“

Í landamerkjálýsingu fyrir Sléttaból í Landamerkjabók Skaftafellssýslu, sem undirrituð er af Bjarn Þórarinssyni, Ólafi Pálssyni, Sigríði Steingrímisdóttur, Helga Bergssyni, Jóni Jónssyni og Þorgerði Björnsdóttur, 21. maí 1890, segir svo:

„...Að austan milli Sljettabóls og Orustustaða: Úr þúfunni á Orustuhól beina línu eptir vörðum á sandinn suður að rekamáli: Að vestan og norðan: Úr Orustuhól í vörðu á tanganum, sem skagar lenst í útsuður fyrir vestan Hraunból, svo í vörðu sem er hlaðin upp af Flóðholti, þaðan í Flóðholt, þaðan í Stikubót, þaðan í miðja Jónsbót, þaðan að rekamáli. Jörðin á $\frac{1}{3}$ part af öllum reka af Fossfjöru og upprekstur í Síðumannaafrétt.“

Með byggingabréfi, dags. 24. október 1912, var hálf jörðin Sléttaból byggð Geir Jónssyni, og er landamerkjum jarðarinnar lýst þannig:


„Að austan milli Sljettabóls og Orustustaða: úr Þúfunni á Orustuhól, bein lína eftir vörðum á sandinum suður að rekamáli. Að vestan og norðan: Úr Orustuhól í vörðu upp á tanganum, sem skagar lengst í útsuður fyrir vestan Hraunból, svo í vörðu, sem er hlaðin upp af Flóðholti, þaðan í Flóðholt, þaðan í Stikubót, þaðan á miðja Jónsbót, þaðan að rekamáli. Jörðin á $\frac{1}{6}$ part af öllum reka af Fossfjöru og upprekstur á Síðumanna aftrétt.“

Í landamerkjálýsingu Foss, sem undirrituð er 15. desember 1921 af Lárusi Helgasyni fyrir $\frac{3}{4}$ hluta jarðarinnar, Matthíasi Stefánssyni fyrir $\frac{1}{4}$ hluta jarðarinnar, Jóni Jónssyni, eiganda og ábúanda Þverár, Einari Pálssyni, Steingrími Steingrímssyni, Lofti Ólafssyni, Þorláki Vigfússyni, öllum fyrir hönd Hörgslandsjarða, og Gunnari Jónssyni og Geir Jónssyni fyrir hönd Sléttabóls, segir svo:

„Vesturmark: Úr vörðu á Krókaskeri — þar sem það er hæst, beina línu í kambinn vestan við Merkilæk (eftir því sem garðurinn þar á milli vísar til) Úr Markskeri sömu línu í grjótvörðu ofan við Melana (Skjaldbreið). Þaðan beina línu í aðra grjótvörðu í austurenda svonefndrar Hörgslandsbótar — sem nú er eigi orðin nema lág sandalda. Úr þessari vörðu sömu línu að rekamáli.“

Austurmark: Úr ofangreindri vörðu á Krókaskeri beina línu í vörðu á Kvíghvammahól. Þaðan beina línu í sjálft núpshornið (milli Foss og Þverár) eða svo nefnt Fremrahlíð. Þaðan beina línu í þúfu á Orrustuhól, þaðan í hrauntangan vestan við Hraunból (þar sem hann skagar lengst til útsuðurs). Þaðan í grjótvörðu á svonefndu Flóðholti. (Nú er Flóðholt ekki orðið nema lág sandalda lítt þekkjanleg.) Úr vörðunni á Flóðholti beina línu í grjótvörðu í svonefnda Stikubót, þaðan í grjótvörðu í miðri Jónsbót, þaðan að rekamáli.“

Fjara fylgir jörðinni — Fossfjara — liggjandi milli Hörgslandsfjöru að vestan og Hvolfsfjöru að austan.



lína, sem sýnur kröfta Fosshöfnar byggða á hefð

⊕: Veðistólur frá Fosshöfnar veitt þar á stöng eftir að veðistólur var stöfnuð á tréþopp Fosshöfnar

Kortú er teiknað eftir loftfjösmyndum, sem teknar voru af landmælingum Íslands 4. sept. 1980

Hornamælingu í pkt. R gerð Ágúst Þóðvarsson, landmælingamaður, 16. sept. 1879 (málagna stöðvar pkt. R)

Landmælingarstærðir á Fosshöfnar byggða, sem byggð var 1912, á sömnu uppdrætti Landmælinga 1980 á stöng málagna og. dsk. 77'

Árðurvegur, sem er hlutfjórsmáningur, sem teknur voru í júlí og ág. 1960

Stakkabólsmælingu í Fosshöfnar byggða, sem er hlutfjórsmáningur, sem teknur voru í júlí og ág. 1960

Mælkvæði málfelt 1:2000



Dómslóðir 27.2.1981 færð á uppdrættinn 27.2.1981

Hér er lína teiknað eftir loftfjösmyndum, sem teknar voru af landmælingum Íslands 4. sept. 1980

Landamerki milli Fosshöfnar byggða og Hórslandsjarða V. Stakkaból

alt. 1980. Skuli Áslamsson, veldi.

Vesturmark: Hæsta brún Harðavallafjalls á að bera í austur brúnina á Hörgsdalskaldbaksöxl.

Austurmark: Seldalsöxl á að sjást ydda fram fyrir Lómagnúp.

Sljettaból á $\frac{1}{3}$ — einn þriðja — í greindri fjöru.“

Landamerkjaskrá þessi var þinglesin á manntalsþingi 13. júlí 1922. Kemur fram, að breyting hefur verið gerð á upprunalegum texta skjalsins. Í setningunni „Úr Merkiskeri beina línu í grjótvörðu ofan við Melana (Skjaldbreið)“ hefur verið strikað yfir orðið „beina“ og fyrir ofan það skrifað með annarri rithönd orðið „sömu“.

Í landamerkjaskrá fyrir jarðirnar Hörgsland, Hörgslandskot og Múlakot, sem undirrituð er af Lofti Ólafssyni, Þorláki Vigfússyni, Steingrími Steingrímssyni og Einar Pálssyni, öllum fyrir hönd Hörgslandsjarða, og Lárusi Helgasyni fyrir $\frac{3}{4}$ hluta jarðarinnar Foss, segir svo:

„Að austan milli Brattlands, Foss og ofangreindra jarða: Úr Ystatanga að norðan, bein lína í vörðu á Krókakeri. Þaðan bein lína í Kambinn vestanvert við hinn svonefnda Merkilæk. Þaðan bein lína eftir garðinum, sem þar er fyrir neðan í vörðu á Skerinu, sem er á sandinum neðanvið graslendið. Úr þeirri vörðu bein lína í vörðu sem hlaðin er upp norðan við Foss og Hörgslandsmela. Þaðan bein lína í aðra vörðu, sem hlaðin er upp austan við svonefnda Hörgslandsmelabót. Þaðan bein lína eftir sömu stefnu að rekamáli.

Að vestan milli Hörgdals, Keldunúps og Landbrotsjarða er hlut eiga að máli, og ofangreindra jarða: Úr Hallsteinsvörðu, sem er endamark að norðan, í gljúfrið vestur af Stakki. Úr því ræður Hörgsá þar til gljúfrið endar norðvestan við Múlakot. Svo úr minni Hörgsárgljúfurs í Merki garðsenda. Þaðan bein lína í vörðu austan við háskerið á Uppsalahálsi. Úr þeirri vörðu bein lína að rakamáli þannig að nefnd varða beri í Skógfoss í Hörgdals landareign, (miðað að sunnan.) Fjara fylgir jörðunum. Vesturmörk: Stika við flæðarmál er beri í melakoll stakan ofan við rekamál og mitt á milli Killa og Hlöðubrekka í Geirlands landareign. Austurmark: Stika við flæðarmál er beri í hamrabrúnina á Harðavallararfjalli þar sem hún er hæst og þau mið beri í hvössu öxlina á Kaldbaki að austan.

Jarðirnar eiga upprekstur á Síðumannafrjett að tiltölu við aðra Síðumenn.“

Var landamerkjaskrá þessi þinglesin á manntalsþingi 13. júlí 1922.

Baldur Þorlákur Bjarnason, bóndi í Múlakoti, kveður föður sinn, Bjarna Þorláksson, bónda í Múlakoti, ásamt Lárusi Steingrímssyni í Hörgslandskoti og Helga Pálssyni á Fossi hafa auðkennt merkin milli jarðanna til myndatöku úr lofti árið 1960. Hafi þeir breitt á vörðuna á Merkiskeri og vörðuna fyrir ofan melana, en ekki lengra suður, því þar hafi landamerki verið óviss. Kveðst Baldur fyrst hafa orðið var við, að ágreiningur væri

um vörðuna fyrir ofan melana sem merkjavörðu, þegar Einar Þorsteinsson ráðunautur hafi farið með mönnum frá báðum jörðunum niður á sandana til að reyna að ákveða merkin með samkomulagi. Hafi í þeim hópi verið Fossbændurnir Sigurður Jónsson, Kristófer Bjarnason og Páll Helgason. Kveðst Baldur hafa verið viðstaddur og hafi orðið skarpur ágreiningur um, hvort varðan væri á landamerkjum. Hafi Fossmenn talið hana of austarlega. Baldur kveður Jakob Bjarnason á Hörgslandi hafa greitt fasteignagjöld af skipbrotsmannaskýlinu í Mávabót. Hann kveður Sigurð Lárusson og Kristinn Siggeirsson hafa smalað svæðið sunnan Fossála og austan Vatna með Fossmönnum og komi alltaf kindur úr Hörgslandsþorpi til réttar af þessu svæði. Baldur kveðst véfengja, að landamerki Sléttabóls og Fossjarða séu rétt dregin, eins og gert sé í máli þessu. Baldur kveður að sagt sé „út að Klaustri,“ en „suður í Landbrot“ og „suður á fjöru.“

Sóknaraðilinn Steingrímur Lárusson, bóndi á Hörgslandskoti, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki verið viðstaddur, þegar breitt var á landamerki Fossjarða og Hörgslandsjarða til undirbúnings myndatöku úr lofti. Við það starf hafi verið faðir hans, Lárus Steingrímsson, Bjarni Þorláksson í Múlakoti, Helgi Pálsson, Fossi, og Jón Eiríksson, Fagrafossi. Kveðst Steingrímur fyrst hafa orðið var við ágreining um landamerkin, þegar Einar Þorsteinsson ráðunautur hafi verið fenginn til að koma á sáttum um landamerkin. Hafi það verið um eða upp úr 1970. Hafi margoft áður verið búið að ganga á landamerkin, en alltaf hafi komið upp ágreiningur, þegar komið hafi verið niður fyrir þessa vörðu. Steingrímur kveðst ekki geta sagt um, hvar Hörgslandsmelabót sé. Hann kveður Sigurð bróður sinn og Kristinn Siggeirsson á Hörgslandi oft hafa smalað svæðið sunnan Fossála og austan Vatna og einnig hafi fleiri menn frá Hörgslandsbæjum smalað þarna. Einar Magnússon, vinnumaður hjá Bjarna Þorlákssyni í Múlakoti, hafi rekið fé sitt austur yfir Fossála, en fé frá Hörgslandsjörðum fari austur yfir Fossála og þurfi ekki að reka það. Steingrímur kveður föður sinn og Helga Eiríksson á Fossi oft hafa veitt saman í Veidiósi með ádrætti, enda hafi þeir verið góðvinir, en hafi aldrei verið sammála um það, hvor ætti veiðiréttinn.

Sóknaraðilinn Helgi Þorláksson, fæddur að Múlakoti og átti þar heima til 1939. Kveðst hann hafa farið til ádráttaveiða í Álunum og Veidiósi á ofanverðu sumri 1928 ásamt Steingrími Steingrímssyni, bónda á Hörgslandi. Þeir hafi farið yfir Halann, sem sé austasti hluti Mávabótar, og hafi þeir veitt suður í ósmynni. Þegar þeir fóru yfir Halann, hafi Steingrímur bent á tvö stór rekatré, sem þar lágu, og hafi hann sagt þar merki Hörgslandsjarða og Fossjarða. Hafi þetta verið austarlega á Halanum, en þá hafi áin runnið mikið austar en nú og austar en hún hafi runnið 1960, svo sem fram komi á loftljósmynd, sem fram hefur verið lögð í málinu. Hann kveður skipbrotsmannaskýli hafa verið austar en það er nú og hafi verið

langur gangur frá því austur í Mávabótarhalann, þar sem markið var. Hann kveðst ekki geta sagt, hvar Hörgslandsmelabót sé, enda hafi orðið miklar hreyfingar á landi á síðust árum og melar og sandar gróið upp. Kveðst hann telja, að Útmelar hafi verið vestasti hluti melanna austan Vatna. Helgi kveðst ekki minnst þess, að Fossmenn væru með við veiðar ásamt sér nema Sæmundur Jónsson, vinnumaður á Fossi, einstöku sinnum. Hafi veiðinni verið skipt jafnt milli þátttakenda. Kveður Helgi í sinni vitund orðið „út“ merkja til vesturáttar og geti því verið í suðvestur. Sé talað um að fara „út í Vik“ og „út í Landbrot.“

Sóknaraðilinn Steingrímur Lárusson, Hörgslandskoti, kveðst fyrst hafa orðið var við ágreining um vörðuna neðan við melana sem landamerki, þegar Einar Þorsteinsson ráðunautur hafi verið fenginn til að reyna að ná sáttum um landamerkin um eða upp úr 1970. Hafi margoft verið gengið á landamerkin áður, en þá hafi risið ágreiningur, þegar komið var suður fyrir þessa vörðu. Steingrímur kveður Sigurð bróður sinn og Kristinn Siggeirsson á Hörgslandi oft hafa smalað svæðið sunnan Fossála og austan vatna og hafi fleiri frá Hörgslandsbæjum smalað þarna. Kveður hann fé frá Hörgslandsjörðum fara austur yfir Fossála sjálft og þurfi ekki að reka það. Steingrímur kveðst hafa veitt með Helga Eiríkssyni á Stuðlafossi í Veiðiósi og í sjónum, en ekki á Vatnamótum. Hann kveðst einnig hafa veitt þarna með öðrum mönnum en frá Hörgslandsjörðum og Fossjörðum. Til þess að stunda þessar veiðar hafi þurft minnst fimm menn og því hafi Hörgslandsþorpsmenn þurft að fá menn að. Hann kveður Hörgslandsbændur hafa mótmælt veiðum Fossbænda í Mávabótarálum og Veiðiósi munnlega, en án árangurs.

Varnaraðilinn Sigurður Jónsson, Fagrafossi, kveðst hafa gengið á merki milli Fossjarða og Hörgslandsjarða 13. apríl 1972 og hafi þá Einar Þorsteinsson mælt út, hverju munaði, að varða ofan melanna væri í beinni línu miðað við Blákamb og vörðuna á Merkiskeri. Hafi Einar talið, að það munaði ca 80 m sem varðan ofan melanna væri fyrir austan línuna. Þarna hafi verið mættir fulltrúar Fossjarða og Hörgslandsþorpsjarða. Hafi sættir verið reyndar, en án árangurs. Sigurður kveður Fossbændur hafa veitt í Mávabótarálum og Veiðiósi og einnig hafi þeir leigt út stangir í Mávabótarálum.

Varnaraðilinn Kristófer B. Bjarnason, Fossi II, kveðst hafa flutt að Fossi 1936. Kveður hann veiði hafa verið stundað í Mávabótarálum og Veiðiósi frá heimili sínu og öðrum Fossbæjum. Hafi menn frá Hörgslandsbæjum einnig veitt á þessum slóðum. Kveðst hann telja, að Sléttaból eigi $\frac{1}{3}$ hluta af hlunnindum Fossjarða. Hafi menn frá Sléttabóli einnig tekið þátt í veiðinni, en aðrir hafi ekki stundað veiði þarna. Við töku ljósmynda úr lofti á árinu 1960 kveður hann merkjalínu Sléttabóls, sem krafist er viðurkenn-

ingar á í máli þessu, hafi verið auðkennda, en markavörður, sem á þeirri línu voru, séu horfnar. Hann kveðst hafa farið ásamt flestum ábúendum Foss- og Hörgslandsjarða til að leita að vörðu, sem samkvæmt landamerkjabréfi eigi að vera í austurenda Hörgslandsmelabótar eða Hörgslandsbótar, en varðan hafi ekki fundist. Hann kveður vörðuna á Svæðunum, þ.e. fyrir ofan Skjaldbreið, ekki vera viðurkennda af hálfu varnaraðilja sem merkjavörðu, heldur hafi hún verið reist einhliða af fyrirsvarsmönnum Hörgslandsjarða á sínum tíma án samráðs við eigendur Fossjarða. Þá kveður hann Skjaldbreiðarmela vera horfna fyrir löngu og sjáist engir melar á þessu landssvæði nema suður undir fjöru. Hann kveður Útmela vera landssvæði meðfram Vötnunum alveg að Vegamótum og suður fyrir Mávabót. Megi vera, að landssvæði þetta sé leifar af hinum fornu Skjaldbreiðarmelum. Hörgslandsmelabót kveður hann hvergi finnast nú. Hann kveður núverandi bændur á Fossjörðum hafa eina tíð notað landið sunnan Fossála og austan Skaftár, svo sem til beitar fyrir búfé, og hafi þeir einir annast smölun á landinu.

Varnaraðilinn Páll Helgason, Fossi II, er fæddur og uppallinn á Fossi. Hann kveður vörðuna á Svæðunum, þ.e. fyrir ofan Skjaldbreið, ekki vera viðurkennda af hálfu varnaraðilja sem merkjavarða, heldur hafi hún verið reist einhliða af fyrirsvarsmönnum Hörgslandsjarða á sínum tíma án samráðs við eigendur Fossjarða. Þá kveður hann Skjaldbreiðarmela vera horfna fyrir löngu og sjáist engir melar á þessu landssvæði nema suðurundir fjöru. Hann kveður Útmela vera landssvæði meðfram Vötnunum frá Vatnamótum og suður fyrir Mávabót. Megi vera, að landssvæði þetta sé leifar af hinum fornu Skjaldbreiðarmelum. Hörgslandsmelabót kveður hann hvergi finnast nú. Hann kveður fé Hörgslandsjarða ekki ganga á svæðinu sunnan Fossála og austan vatna og hafi bændur af þeim jörðum ekki tekið þátt í smölun á því svæði, svo hann viti til. Hafi landssvæði þetta eingöngu verið nytjað og smalað af Fossbændum. Páll kveður Fossbændur veiða í Mávabótarálum og Veiðiósi. Hafi þeir leyft einum og einum manni að veiða þar, einkum í Mávabótarálum. Viti hann ekki til, að veiðifélagið á svæðinu hafi hreyft athugasemdum við því (sic). Fossála hafi þeir leigt út sérstakega. Kveðst hann hafa markað þekktu ádráttarveiðistaði frá Fossbæjum inn á uppdrátt þann, sem fylgir máli þessu, en nú stundi menn stangaveiði á þessum stöðum nema tveimur efstu stöðunum. Páll kveðst ekki hafa verið viðstaddur, þegar breitt var á merki til undirbúnings ljósmyndunar úr lofti. Hann hafi hins vegar farið ásamt fleiri mönnum til að kanna merkin milli Fossjarða og Sléttabóls. Hafi það verið í fyrsta skipti sem hann fór á merkin, en Siggeir, Friðrik og Kristófer, sem einnig voru þarna, hafi verið kunnugir aðstæðum. Þeir hafi fundið stiku og tréhæl rekinn niður og hafi þeir talið Stikubót vera þar. Þeir hafi ekki fundið

Jónsbót. Þá hafi þeir fundið eina stiku til viðbótar austur af Hólminum. Hafi þeir talið, að þetta væri stika, sem sett hafi verið niður 1960. Kveðst Páll ekki sjá neina ástæðu til annars en merkin milli Fossjarða og Sléttabóls sé bein lína. Páll kveður, að sagt sé „út í Landbrot“, „út í Vötn“ og „út á Klaustur“ og ýmist „út á fjöru“ eða „suður á fjöru“. Hann kveður bót vera sandöldu, sem skeri sig úr grónu landslaginu vegna hæðar og litar.

Meðalgöngustefndi Siggeir Geirsson, sem býr á Sléttabóli I ásamt Sólveigu systur sinni, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ásamt fyrrisvarsmönnum Fossjarða og Friðrik Bjarnasyni á Hraunbóli gengið á merkjalínu milli Fossjarða og Sléttabóls. Hafi þeir dregið línu úr vörðu á Flóðholti og um stiku, sem sé nokkuð langan spöl þar fyrir sunnan, og sett upp stiku í þessari línu norð-austur af Hólminum. Kveður hann merkjalínuna milli Fossjarða og Sléttabóls liggja um þessa punkta til sjávar. Hann kveður Stikubót vera miðja vegu milli Sléttabóls og sjávar, en kveðst ekki treysta sér til að segja, að stikan sunnan Flóðholts sé í Stikubót. Ekki kveðst hann vita, hvar Jónsbót sé. Siggeir kveðst hafa stundað ádráttarveiði í Mávabótarálum og Veiðiósi, fyrst með föður sínum sem unglingur og síðan alla tíð þar til veiðifélag var stofnað. Hafi þetta verið félagsveiði, sem hafi verið stunduð frá Hörgslandi, Fossjörðum og Sléttabóli. Hafi aflanum verið skipt milli þeirra, sem veiðarnar stunduðu hverju sinni. Siggeir kveður, að sagt sé „út í Landbrot“ og „suður að sjó“ Geti áttin „út“ verið suðvestur.

Meðalgöngustefnandinn Friðrik Bjarnason, bóndi á Sléttabóli, hefur skýrt svo frá, að hann hafi komið að Hraunbóli 1949. Kveðst hann hafa verið viðstaddur, þegar breitt var á mörkin milli Fossjarða og Sléttabóls 1960 til undirbúnings myndatöku úr lofti. Hafi þarna verið Siggeir á Sléttabóli I, Jón Eriks-son, Fagrafossi og Helgi Pálsson, Fossi, Hafi þessir menn þekkt mörkin. Þeir hafi dregið línu úr vörðu á Flóðholti um stiku á Stikubót og til sjávar. Kveður hann Siggeir vera heimildarmann sinn um, hvar Stikubót sé. Þeir hafi svo breitt dúk á merkin á Flóðholti og Stikubót og á einn stað suður við leiruna skammt austan við Hólmana og sé það í beinni línu. Kveðst hann ekki vita, hvar Jónsbót sé. Friðrik kveðst öðru hverju hafa stundað ádráttarveiði í Veiðiósi, þar til veiðifélagið var stofnað. Friðrik kveður að sagt sé „út í Vötn“, „út að Klaustri“ og „suður að sjó“.

Af hálfu sóknaraðilja er því haldið fram, að allar landamerkjalyásingar, sem fram hafi komið í máli þessu, þar sem rakin eru landamerki jarðanna frá fjalli til fjöru, styðji kröfur þeirra. Þótt punktar, sem miðað er við í landamerkjalyásingunum frá 1890, 1921 og 1922, séu ekki allir sjáanlegir nú, sé kröfulína sóknaraðilja dregin svo nærri þessum mörkum sem unnt sé, þannig að öruggt megi telja, að ekki sé seilst til lands Fossjarða, Er því haldið fram, að kröfur sóknaraðilja styðjist við almenna vitneskju manna, sem til þekkja, um, að Mávabót öll, sem Skaftá hafi nú brotið verulega úr austan til, hafi frá forni

fari verið í landi sóknaraðilja. Hafi aldrei verið talinn leika vafi á því, að gamalt skipbrotsmannaskýli og sjómerki, sem þar voru, væru í landi sóknaraðilja. Þá er bent á, að sé gert ráð fyrir, að núverandi fjörumörk, sem virðist vera óumdeild, séu hin sömu og fram komi í sáttabók Síðumanna frá 23. september 1807, þá sé ljóst, að landamerkjalinan, sem þar er lýst, sé öll fyrir austan kröfulínu sóknaraðilja í máli þessu. Stafi það af því, að hún sé dregin sem bein lína úr Merkilæk og í fjörumörk. Þá er og bent á, að þarna hafi komið fram málaleitun eigenda Foss um að gera sátt um línuna vestar en nú var lýst, þannig að svonefndir Skjaldbreiðarmelar skiptust að jöfnu milli jarðanna. Virðist sú hugmynd ganga nokkuð skemur til móts við hagsmuni eigenda og ábúenda Foss en kröfulína sóknaraðilja í máli þessu. Í landamerkjalýsingu í sáttinni frá 23. september 1808 virðist landamerkjalinan ofantil dregin austar en kröfulína sóknaraðilja nú, þ.e. úr Merkiskeri bein lína um miðja Skjaldbreiðarmela. Virðist gert ráð fyrir að lína, sem þannig hafi verið dregin, kæmi til sjávar sem næst fjörumörkum. Af hálfu sóknaraðilja kemur fram, að þótt stikur þær, sem miðað er við í landamerkjalýsingunni frá 21. maí 1890, séu nú horfnar, þá virðist línan að meginstefnu til vera sú sama og í kröfugerð sóknaraðilja. Með orðalaginu „beint í suður að rekamáli“ sé örugglega ekki átt við hásuður, heldur miklu fremur sem næst hornréttastefnu á meginstefnu strandlengjunnar. Þá er því haldið fram að hálfu sóknaraðilja, að landamerkjabréf Foss frá 15. desember 1921 og landamerkjabréf Hörgslandsjarða frá 5. maí 1922 verði að teljast aðalheimildir um landamerki jarðanna. Breyting hafi þó verið gerð á frumtexta landamerkjabréfsins fyrir Foss og verði ekki séð, að neinn þeirra, sem undirrituðu bréfið, hafi staðið að henni. Því verði að leggja upprunalegan texta bréfsins til grundvallar. Grjótvarðan ofan við melana, sem getið sé í landamerkjabréfi Foss, sé enn á sínum stað og falli línan, sem lýst er í bréfinu niður af þeirri vörðu alveg saman við kröfulínu sóknaraðilja í málinu. Hins vegar hafi varðan í austurenda svonefndrar Hörgslandsmelabótar ekki fundist þrátt fyrir leit. Ef einnig sé litið til eldri heimilda um, að línan beygi til austurs og að línan fari um miðja Skjaldbreiðarmela, þá sé ljóst, að bein lína úr efri vörðunni í fjörumark sé mjög nærri lagi. Ef landamerkjalinan væri hins vegar dregin sem bein lína frá Blákambi eða Blátindi um Merkisker og þaðan til sjávar, þá lendi sú lína vestan við Skaftárós. Myndu þá allir Skjaldbreiðarmelar og nær öll Mávabót lenda í landi Foss, en ekki sé vitað til, að þau landsvæði hafi nokkru sinni verið talin falla undir Fossjarðir. Eigi það sér enga stoð að draga landamerkjalinu jarðanna þannig og sé algjörlega rangt að álykta, að slík ráðagerð felist í sáttgerðinni frá 1808.

Því er mótmælt af hálfu sóknaraðilja, að eigendur og ábúendur Fossjarða hafi haft umráð landssvæðisins austan Fossála og Skaftár, er geti verið grundvöllur eignarhefðar á landinu. Með því að undirrita landamerkjabréf jarð-

anna frá 1921 og 1922 hafi fyrri eigendur Fossjarða viðurkennt eignarrétt eigenda Hörgslandsjarða yfir landssvæði þessu, sem liggja vestan landamerkjalinunnar. Hafi ábúendur eða eigendur Fossjarða ekki haft nein afnot af landssvæðinu, er stofnað geti eignarhefð á því.

Af hálfu sóknaraðilja er kröfugerð meðalgönguaðilja, eigenda og ábúenda Sléttabóls I og II mótmælt, þar sem Sléttaból geti ekki átt land vestur fyrir kröfulínu sóknaraðilja í málinu. Ljóst sé, að Sléttaból hafi ekki getað hlotið land úr landi Hörgslandsjarða nema með sérstöku afsali, en því sé ekki til að dreifa. Aðalheimildir um landamerki Hörgslandsjarða og Sléttabóls séu landamerkjabréf jarðanna, sem undirrituð voru að Prestbakka 21. maí 1890. Hins vegar sé landamerkjalinu sú, sem lýst er þar í landamerkjabréfi Sléttabóls, ekki rétt dregin í máli þessu. Ekki sé véfengt, að merkjapunktur á Flóðholti sé rétt staðsettur, en landamerkjabréf Sléttabóls veiti enga heimild til að álykta, að línan eigi að vera bein. Þvert á móti verði að telja mjög líklegt að, svo sé ekki, þar sem beinast hefði verið að taka það fram skýrum stöfum í bréfinu, ef það hefði verið ætlun aðilja. Sé þetta augljóst, þegar vesturlínan sé borin saman við lýsingu austurlínunnar, sem sé lýst sem beinni línu um vörður á sandinum. Liggja nærri að álykta, að vesturlínunni hefði einnig verið lýst sem beinni línu um punkta, ef það hefði verið ætlun aðilja, að línan ætti að vera bein. Þá sé kröfulína þessara aðilja látin byrja í Flóðholti, þótt línunni sé þar lýst með sams konar orðalagi og um syðri punkta. Staðreyndin sé sú, að ekki verði nú með neinni vissu sagt, hvar Stikubót eða Jónsbót hafi verið. Hafi varnaraðiljar og meðalgönguaðiljar beitt þeirri aðferð að staðsetja þessa punkta, að þeir hafi fyrst dregið beina línu úr Flóðholti í rekamál og hafi þeir svo reist stangir, þar sem þeir telja þessa punkta geta verið. Þessa aðferð beri að hafa að engu, jafnvel þótt bændur af Foss- og Sléttabólsbæjum hafi strax um 1960 beitt aðferð af þessu tagi til að ákvarða línuna og þá breitt á punkta á þeirri línu í sambandi við töku loftmynda af svæðinu. Sóknaraðiljar telji ljóst, að merkjalína sú, sem lýst er í Sléttabólsbréfinu frá 1890 sveigist til austurs þegar við Flóðholt og komi hvergi saman við landamerki Hörgslandsjarða. Styðjist þetta m.a. við þá staðreynd, að við undirritun landamerkjabréfanna tveggja að Prestbakka 21. maí 1890 hafi menn ekki talið, að landamerkjalinurnar tvær hafi legið saman, þrátt fyrir að augljóst sé, að landamerkjalinu Hörgslands hafi beygt austur við ofanvert við mela heimajarðarinnar Hörgslands. Samkvæmt þessu varði það sóknaraðilja engu, hvernig varnaraðiljar og meðalgönguaðili skipti löndum austan línu þeirrar, sem felist í dómkröfu sóknaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja eigenda og ábúenda Fossjarða er því haldið fram, að leggja beri til grundvallar í málinu, að landamerkjalinu milli Fossjarða og Hörgslandsjarða hafi verið bein lína úr Blákambi um Merkisker og síðan áfram bein lína með sömu stefnu að rekamáli. Sé þetta byggt á landamerkja-

bréfum jarðanna, sem nú gilda, og öðru því, sem fram sé komið í málinu.

Megi þar fyrst nefna landamerkjalýsingu frá 28. október 1701, en þar segi, að landamerki þau, sem haldin hafi verið átölulaust frekan mannsaldur, séu úr fjallsgnýpu eða Kambinum skammt fyrir vestan fossinn, sem rennur ofan úr Merkidal, og Merkisker, sem stendur suður á sandinum, og svo sjónhendingu út eftir sandi til Skaftár, svo langt sem sandur og gras til vinnst, Þetta sé algjörlega í samræmi við lýsingu landamerkjanna í landamerkjaskrá Foss frá 25. nóvember 1716. Í bréfi Stefáns Björnssonar hópítalahlaldara til Finns Jónssonar 15. september 1759 virðist koma fram, að bréfitari hafi gengið nokkru lengra í landsnytjum en landamerki milli Foss og Hörgslands segi til um. Af vitnaleiðslu, sem fram fór 1801, megi ráða, hversu harðlega hafi verið gengið fram í að vinna Hörgslandi rétt til meltekju, en ekki hafi vitnaleiðslur þessar neitt sönnunargildi í máli þessu. Lögregluúrskurður Lýðs Guðmundssonar sýslumanns frá 1815 sé ekki heldur sönnunargagn í máli þessu, enda sé þar eingöngu fjallað um afnot og sé með öllu ósannað, að þau hafi skapað hefð á afnotum landssvæðis þess, sem þar er fjallað um. Þótt Fossbændur hafi í sáttaskyni boðið, að Skjaldbreiðarmelar tilheyrðu um þeirra lífstíð Hörgslandi, þá hafi því boði ekki verið tekið og hafi engin ákvörðun verið tekin á grundvelli þess boðs. Deila hafi enn staðið milli ábúenda Hörgslands og eigenda Foss, er sátta-nefnd var kölluð saman 23. september 1808. Hafi á þeim fundi eingöngu verið mætt fyrir hálfenduna Foss. Sátt sú, sem þá var gerð, gefi greinargóða vísbendingu um það, hvernig landamerkjalinum var háttað. Landamerkjalinna Foss að austan hafi verið úr Orrustuhóli bein sjónhending til sjávar. Þá sé og gert ráð fyrir því í sáttinni, að landamerkjalinna þessi komi til sjávar langt vestan Fossfjöru. Er hópítalheldarinn á Hörgslandi hafi kært ábúendur Foss fyrir melskurð á Skjaldbreiðarmelum, hafi verið gert ráð fyrir, að fram færu að nýju skipti á afnotum af Skjaldbreiðarmelum, en þar virðist einungis vera um afnotaskipti að ræða, sem hafi átt að vera breytileg eftir því, hvar afrakstur var að fá. Þá virðist landamerkjalinan, sem lýst er í landamerkjalgfestu Foss frá 20. apríl 1922, vera bein lína frá Blákambi um Merkisker og til sjávar, sem að jafnaði hafi legið um Skjaldbreiðarmela. Sama sé að segja um landamerkjalinuna á austurmörkum landsins og sé þarna um að ræða tvær samsíða línur og eigi svo að vera enn. Því er haldið fram af hálfu varnaraðilja, að landamerkjabréf Hörgslands frá 21. maí 1890 hafi verið þannig úr garði gert, að nauðsynlegt hafi þótt að endurbæta það með landamerkjabréfinu frá 5. maí 1922. Stikur þær, sem nefndar eru í fyrra bréfinu, hafi ekki fundist. Á hinn bóginn sé landamerkjabréfið fyrir Sléttaból frá 21. maí 1890 óumdeilanlegt, því þar hafi landamerkjavörður varðveist alla tíð. Í landamerkjabréfi Foss frá 15. desember 1921 komi fram sama beina línan og er varakrafa varnaraðilja

í málinu. Eigendur og ábúendur Hörgslandsjarða hafi ætlað að reisa vörðu á línunni, en sú varða hafi lent 80 m austan við hana. Í landamerkjabréfi Hörgslandsjarða frá 5. maí 1922 séu landamerki jarðanna tilgreind eftir því sem best verði séð við varakröfu varnaraðilja. Komi þar fram, að línan skuli dregin sem bein lína um Merkisker, en Hörgslandsmelabót finnist nú ekki og heldur ekki varðan, sem þar átti að vera.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er því haldið fram af hálfu varnaraðilja, að kröfur sóknaraðilja gangi þvert á þinglýst og löngu viðurkennd landamerki Fossjarða og Sléttabóls. Landamerkjalinna varnaraðilja sé hins vegar studd ákvæðum landamerkjabréfa þeirra, sem nú gilda. Landamerkjalinan milli Hörgslandsjarða og Fossjarða sé bein lína sjónhending frá fjalli til fjöru og sé það í samræmi við landamerkjalinu Hörgslandsjarða að vestan og landamerkjalinu hinnar fornu Fossjarðar að austan, en sú lína sé nú landamerkjalinna milli Sléttabóls I og II annars vegar og Orrustustaða hins vegar. Þá er því mótmælt, að varðan á svæðunum, sem kröfulína sóknaraðilja byggist á, sér sett niður sem viðurkennd merkjavarða, heldur hafi hún verið reist einhliða af eigendum Hörgslandsjarða án samráðs við eigendur og ábúendur Fossjarða og hafi tilviljun ráðið, að hún lenti utan landamerkjalinunnar. Þá er því haldið fram, að skjaldbreiðarmelar séu horfnir fyrir löngu og sé því enginn grundvöllur fyrir ráðagerðum um að þræða þá miðju. Hins vegar bendi örnefnið Útmelar vestur við vötnin til þess, að Skjaldbreiðarmelar hafi verið mikið vestar en sóknaraðilji telji. og því sé örnefnið ranglega staðsett á opinberum uppdráttum.

Er aðalkrafa varnaraðilja byggð á því, að samkvæmt því, sem að framan er rakið, beri við úrlausn málsins að leggja til grundvallar landamerkjalinu, sem dregin sé bein lína úr Blákambi um Merkisker að rekamáli, sen varnaraðiljar hafi unnið eignarhefð á landssvæðinu milli línunnar og Fossála og Skaftár. Er því haldið fram, að eigendur og ábúendur Fossjarða hafi nytjað landssvæðið vestan línunnar óátalið með fullu samþykki allra aðilja til umferðar búfjárbeitar og smölunar og einnig hafi þeir nytjað aðliggjandi fallvötn til veiða. Alla þá tíð, sem núverandi eigendur Fossjarða hafi búið þar, hafi landssvæðið eingöngu verið nytjað af þeim, enda sé það eðlilegast vegna legu landsins. Megi telja landslag þar þannig, þar sem það liggir austan Fossála og Skaftár, að Hörgslandsbændur hafi að eðlilegum ástæðum ekki nytjað landið eða sýnt með öðrum hætti, að þeir hefðu eignarhald á því.

Komi fram, að veiði sé talin til hlunninda Fossjarða í fasteignamötum, og sé þar ekki um að ræða veiði nema í Landsbrotsvötnum, þ.e. Veiðiósi og Mávabótarálum.

Varakrafa varnaraðilja er byggð á því, að gögn málsins gefi ótvírætt til kynna, að landamerkin hafi verið bein lína út Blákambi um Merkisker í

rekamark, og verði aðalkrafa ekki tekin til greina, beri að ákveða landamerkin svo sem þau hafi verið samkvæmt landamerkjalinu þessari.

Af hálfu varnaraðilja er því sérstaklega mótmælt, að kröfulína sóknaraðilja nái austur fyrir landamerkjalinu Fossjarða og Sléttabóls I og II, sem virt hafi verið alla tíð frá 1890.

Krafa meðalgönguadilja er byggð á því, að landamerki Sléttabóls, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfinu frá 1890, hafi verið viðurkennd og virt alla tíð, enda landamerkjabréfinu þinglýst. Hafi aldrei verið dregið í efa, að landamerki jarðarinnar væru rétt. Í landamerkjabréfum fyrir Hörgslandsjarðir og Fossjarðir frá 1921 og 1922 sé hvergi minnst á Sléttaból eða eigendur þeirrar jarðar og stafi það af því, að á þeim tíma hafi engum dottið annað í hug en að landamerki Hörgslandsjarða og Fossjarða væru langt vestan landsmerkja Fossjarða og Sléttabóls.

Álit dómsins.

Í máli þessu deila sóknaraðiljar, eigendur Hörgslandsjarða, og varnaraðiljar, eigendur Fossjarða, um landamerki milli jarðanna. Lönd hvorrar jarðartorfu eru óskipt nema ræktað land. Fjörumörk milli jarðatorfanna er ágreiningslaus. Þau ráðast af fjallamiðum og hefur verið rekinn rekaviðardrumbur niður í fjörusandinn á mörkum fjaranna, Hörgslandsfjöru annars vegar og Fossfjöru hins vegar. Er sá staður auðkenndur með bókstafnum S á uppdrættinum á dskj. nr. 95. Eins og mál þetta er lagt fyrir, fjallar það eingöngu um ágreining málsaðilja um landamerki að rekamáli.

Af gögnum málsins verður ráðið, að í upphafi síðustu aldar hafi verið ágreiningur milli fyrirsvarsmanna Hörgslands og Foss um landamerki milli jarðanna og nytjar á ákveðnum landssvæðum, einkum melskurð niðri á sandinum. Sátt var gerð um landamerkin 23. september 1808.

Með landamerkjalogum nr. 5/1882 var eigendum og umráðamönnum jarða lögð sú skylda á herðar að halda við glöggum merkjum jarða með þeim hætti, sem lögin mæltu nánar fyrir. Í framhaldi af þeirri lagasetningu voru hinn 21. maí 1890 gerð landamerkjabréf, sem hér skipta máli. Fjallaði annað þeirra um landamerki Hörgslands, en hitt merki Sléttabóls. Bæði voru bréf þessi þinglesin 19. júní 1890. Ekki hefur komið fram sérstakt landamerkjabréf fyrir Foss frá þessum tíma.

Með lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl. var áréttuð skylda eigenda og fyrirsvarsmanna jarða til að setja glögg merki milli jarða og halda þeim við. Skömmu síðar, þ.e. 15. desember 1921, er undirritað landamerkjabréf fyrir Foss og nokkru síðar, þ.e. 5. maí 1922, annað bréf fyrir Hörgslandsjarðir. Báðum bréfum þessum var þinglýst 13. júlí 1922. Að visu er ekki komið fram, að allir eigendur Fossjarða hafi undirritað þetta landamerkja-

bréf, þ.e. Hörgslandsbréfið frá 1922, en engu að síður verður að telja bréf þetta hafa verulegt sönnunargildi í máli þessu.

Ágreiningur er með aðiljum, hvernig merki liggi samkvæmt merkjalýsingum milli jarða þeirra í átt til sjávar frá svonefndu Merkiskeri, sem sýnt er á uppdrættinum á dskj. nr. 95 og ekki er neinn ágreiningur um. Sóknaraðiljar, eigendur Hörgslandsjarða, halda því fram, að úr Merkiskeri liggi merki í vörðu þá, sem auðkennd er með bókstafnum R á umræddum uppdrætti, en þaðan taki þau austlægari stefnu og endi í fyrrgreindu marki, sem greinir að Fossfjöru og Hörgslandsfjöru. Varnaraðiljar, eigendur Fossjarða, halda því hinsvegar fram, að merki milli jarðanna haldi sömu stefnu og þau hafa að Merkiskeri allt til rekamáls. Þessi kröfulína varnaraðilja lendir nokkru vestan vörðunnar, merktrar R, og endar við rekamál í stað, sem tilgreindur er á uppdrættinum með bókstafnum E.

Samkvæmt bæði landamerkjabréfi Fossjarða frá 15. desember 1921 og landamerkjabréfi Hörgslandsjarða frá 5. maí 1922 liggja merki jarðanna úr Merkiskeri í vörðu sunnar á undirlendinu. Um það segir svo í Fossjarðabréfinu: „Úr Merkiskeri sömu línu í grjótvörðu ofan við Melana (Skjaldbreið)“. Þess er þar að geta, að í stað „sömu línu“ í bréfi þessu hefur upphaflega staðið „beina línu“. Er orðið „sömu“ ritað með annarri rit hönd en upprunalegi textinn. Er hvorki upplýst, hvernig á breytingu þessari stendur né hverjir hafi að henni staðið. Í landamerkjabréfi Hörgslandsjarða segir svo um sama atvik: „Úr þeirri vörðu bein lína í vörðu sem hlaðin er upp norðan við Foss- og Hörgslandsmela“.

Samkvæmt framangreindum ákvæðum síðastgreindra landamerkjabréfa liggur merki úr Merkiskeri í tiltekna vörðu. Hefur annar staður ekki verið gerður sennilegri en varða sú, sem sóknaraðiljar halda fram. Varða þessi liggur að vísu nokkru austan línu, sem fæst með því að framlengja landamerkjalínuna í Merkisker áfram sömu stefnu til suðurs úr Merkiskeri. Þess ber þar á hinn bóginn að gæta, að í Hörgslandsbréfinu, sem er undirritað síðar, er aðeins talað um beina línu, en ekki sömu línu eins og í Fossjarðabréfinu. Engin skýring er heldur komin fram á þessari breytingu, svo sem fyrr segir, og ber því um þetta atriði að skýra ákvæði Fossjarðabréfsins til samræmis við ákvæði Hörgslandsjarðabréfsins. Auk þess verður að telja miðað við þá nákvæmni, sem vænta mátti eftir öllum aðstæðum við gerð umræddra landamerkjabréfa, að varðan merkt R hafi getað verið álitin vera í sömu línu og merkjalínan suður í Merkisker.

Samkvæmt framansögðu ber að draga landamerki milli jarðanna úr Merkiskeri í vörðu þá, sem auðkennd hefur verið með bókstafnum R á uppdrættinum á dskj. nr. 95.

Er þá komið að úrlausn aðalágreiningsefnis aðilja, hvort landamerkin sveigi til austurs við síðastnefnda vörðu eða haldi áfram sem næst beinni

stefnu til sjávar. Um þetta segir svo í landamerkjabréfi Fossjarða frá 15. des. 1921: „Þaðan beina línu í aðra grjótvörðu í austurenda svonefndrar Hörgslandsbótar — sem nú er eigi orðin nema lág sandalda. Úr þessari vörðu sömu línu að rekamáli“. Í Hörgslandsjarðabréfinu frá 5. maí 1922 segir svo: „Þaðan bein lína í aðra vörðu, sem hlaðin er upp austan við svonefnda Hörgslandsmelabót. Þaðan bein lína eftir sömu stefnu að rekamáli“. Bæði þessi bréf eru að þess leyti nærri samhljóða. Ekki verður fallist á með varnaraðiljum, að þetta orðalag gefi til kynna, að merkin hafi átt að liggja til sjávar í sömu stefnu og markalínan í Merkisker eða línan úr Merkiskeri í næstu vörðu, sem miðað er við. Orðalagið bendir ekki síður til hins gagnstæða, þar sem aðeins er talað um beina línu og ekki tekið fram, að sú lína sé í sömu stefnu og markalína sú, sem hún sé framhald af. Sá háttur er hins vegar hafður á annars staðar í bréfunum, þegar lína úr ákveðnu marki á að halda sömu stefnu og lína að því marki.

Varða sú, sem miðað er við síðast í ofangreindum landamerkjabréfum, er nú með öllu týnd, og er því engin stoð af henni við ákvörðun merkja. Í landamerkjabréfi Hörgslands frá 21. maí 1890 er hins vegar ákveðin vísbending, að landamerki milli jarðanna beri að draga í austlægari stefnu, þegar komið er á móts við vörðu þá, sem merkt er bókstafnum R á umæddum uppdrætti. Svo sem fyrr greinir frá, segir svo í bréfi þessu: „ . . . Þaðan austur á við í aðra stiku efst á breiðu leirunni, sem aðskilur Foss- og Hörgslandsmela, þaðan enn í stiku syðst í sömu leiru, þaðan beint í suður að rekamáli“. Þetta kemur heim við ákvæði í sættagerðinni frá 23. september 1808, sem talið er, að skilja beri þannig, að það eigi ekki að hafa nein áhrif á fjörumörk, er landamerki samkvæmt sáttinni liggi þannig, að eitt-hvað af Hörgslandsfjöru lendi fyrir landi Foss. Benda þau til ráðagerðar um það, að landamerki jarðanna lægju eigi mjög fjarri fjörumörkum milli Hörgslandsfjöru og Fossfjöru. Kemur eigi neitt fram um, að með bréfunum frá 1921 og 1922 hafi átt að breyta eldri merkjum.

Samkvæmt því, er að framan greinir, þykir hæfilegt að merki milli jarðanna ákvarðist af línu, er dregin sé úr vörðunni merktri R um stað, sem er í 500 m fjarlægð vestanvert við punktinn S, mælt hornrétt á merkjalínuna. Hefur Ragnar Árnason verkfræðingur að tilhlutan dómsins dregið merkjalínuna á uppdráttinn á dskj. nr. 95 og auðkennt umræddan viðmiðunarstað með bókstafnum T. Kröfulína eigenda Sléttabóls í máli þessu þykir eigi standa í vegi fyrir þessari niðurstöðu. Eigendur Fossjarða og Sléttabóls gátu að sjálfsögðu ekki með samkomulagi sín á milli haft áhrif á rétt mörk milli Hörgslandsjarða og Fossjarða. Ljóst virðist, að Sléttaból hefur verið byggt út úr Fossi sem nýbýli eða hjáleiga. Verður ekki annað séð en Sléttaból hafi átt sameiginleg landamerki með Fossjörðum fram að gerð landamerkjabréfsins frá 21. maí 1890. Merki samkvæmt síðastgreindu

bréfi er ekki í heild til úrlausnar í þessu máli, en ekki verður fallist á, að orðalag þess gefi afdráttarlaust til kynna, að merki Sléttabóls liggja eftir beinni línu til sjávar frá Flóðholti, eins og í kröfugerð eiganda Sléttabóls segir. Af því leiðir jafnframt, að sýkna ber sóknaraðilja af kröfum meðalgönguaðilja, eigenda Sléttabóls I og II, í máli þessu.

Aðiljar og fjölmörg vitni hafa borið um nytjar af deilusvæðinu, fyrst og fremst um veiðinytjar og beit. Eigi verður af þessum gögnum dregin ályktun um legu landamerkjja milli jarðanna. Verður heldur ekki fallist á með varnaraðiljum, að þeir hafi sýnt fram á, að þeir hafi haft slík umráð deilusvæðisins, að til hefðar hafi leitt. Verður þegar af þeirri ástæðu eigi fallist á, að varnaraðiljar hafi unnið eignarhefð á deilusvæðinu eða hluta þess.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskotnaður í málinu falli niður.

Formaður landamerkjadóms Vestur-Skaftafellssýslu, Einar Oddsson sýslumaður, kvað upp dóm í máli þessu ásamt meðdómsmönnum Gauki Jörundssyni prófessor og Guðmundi Jónssyni borgardómara.

D ó m s o r ð:

Sóknaraðiljar, eigendur Hörgslandsjarða, skulu vera sýknir af kröfum meðalgönguaðilja, eigenda Sléttabóls I og II, í máli þessu.

Landamerki milli Hörgslandsjarða annarsvegar og Fossjarða hinsvegar skulu ráðast af beinni línu, sem dregin er úr Merkiskeri í stað, sem merktur er R á uppdrættinum á dskj. nr. 95, og síðan af beinni línu frá síðastgreindum stað, sem merktur er T og er í 500 m fjarlægð vestanvert við stað þann, sem merktur er S á uppdrættinum á dskj. nr. 95, mælt hornrétt á merkjalínuna.

Málskostnaður fellur niður.
